



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 9.12.2014
Tilvísun: 201412-0004

Efni: Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga (heildarlög), 402. mál.

Ljóst er af lestri frumvarpsins að það mælir ekki fyrir um verulegar breytingar á núgildandi ákvæðum laga um sama efni.

Efnisleg athugasemd Alþýðusambands Íslands við frumvarpið lítur að skilgreiningu á slyshugtakinu. Í síðari málslið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er hugtakið slys skilgreint með eftirfarandi hætti:

„Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“

Skilgreining þessi er samhljóða þeirri sem er nú að finna í lögum um almannatryggingar og felur því fyrirbyggjandi frumvarp ekki í sér efnislega breytingu á slyshugtakinu. Það telur Alþýðusamband Íslands vera afar miður enda er hugtakið eins og það er nú gallað.

Í fyrsta lagi vegna þess að það gerir að skilyrði að „utanaðkomandi atburður“ hafi valdið slysi. Í framkvæmd hjá Sjúkratryggingum Íslands hefur þetta þýtt hvað varðar tryggingarrétt launafólks við vinnu að einstaklingar sem slasast t.d. í fallslysum vegna þess að þeim skrikar fótur eða vegna líkamlegrar ofraunar eru ekki tryggðir gegn tjóni sínu í gegnum almannatryggingar. Í ljósi framangreinds eru nokkrir tugir einstaklinga á ári hverju sem njóta ekki trygginga við vinnu sína þrátt fyrir að hafa orðið fyrir slysi. Þ.e. hafi orðið fyrir líkamstjóni án þess að stórkostlegt gáleysi eða ásetningur hafi valdið líkamstjóninu.

Í öðru lagi er slyshugtakið, eins og það er skilgreint í frumvarpinu, gallað vegna þess að það samræmist hvorki alþjóðlegum skilgreiningum á slyshugtakinu, né því slyshugtaki sem Vinnueftirlit ríkisins miðar við. Framangreint getur leitt til aukinnar hættu á því að við mat á því hvaða þættir skipti mestu máli í forvörnum vinnuslysa myndist skekkja sem helgist af þeirri staðreynd að hinn slasaði eigi mjög ríka hagsmuni undir því að líkamstjón einstaklings sé metið sem slys í skilningi almannatryggingaréttar. Vill því Alþýðusamband Íslands taka undir það sem fram kom í umsögn Vinnueftirlitsins við mál 635 á 141 löggjafarþingi um mikilvægi samræmingar á vinnuslyshugtakinu. Styður Alþýðusamband Íslands það sjónarmið Vinnueftirlitsins eindregið og leggur til að skilgreiningu 1.mgr. 5.gr. verði breytt þannig að þar komi:

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is



„Með slysi er átt við skyndilegan, óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“

ASÍ leggur einnig til að orðalagi b. liðar 2.mgr. 5.gr. verði breytt þannig að í stað þess að vísað sé til „nauðsynlegra“ ferða til vinnu og frá sé vísað til þess að maður sé á „eðlilegri leið“ til vinnu og frá og samræmist slík breyting skilmálum þeirra atvinnuslysatrygginga sem samið hefur verið um á vinnumarkaði. Ákvæði b. liðar er jafnframt bundið við að starfsmaður sé á leið milli vinnu og heimilis en gerir hvorki ráð fyrir að hann geti verið á leið til eða frá viðlegustað til vinnu eða til eða frá heimil til viðlegustaðar. Þetta er gloppa í lögnum, tilkomin á þeim árum er fólk stundaði að jafnaði vinnu nálægt heimil sínu. Af ofangreindum ástæðum er lagt til að b. liður 2.mgr. 5.gr. hljóði svo:

„Í sendiferð í þágu atvinnurekstrar eða á eðlilegri leið til vinnu og frá, enda sé um að ræða ferðir sem eru farnar samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Hafi maður vegna vinnu sinnar viðlegustað utan heimilis kemur viðlegustaður í stað heimilis og tekur þá tryggingin einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.“

Að lokum leggur ASÍ til, að 4.mgr. 5.gr. verði breytt þannig að tryggingin gildi þó bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, verði slysið utan Íslands. Almenn er verulegum vankvæðum háð fyrir einstaklinga að sækja skaðabætur úr tryggingum erlendis auk þess sem tryggja verður sönnun í samræmi við þar gildandi rétt, venjur og hefðir sem oftast er ekki á færi venjulegs fólks, hvað þá ef slasað er. Breytt ákvæði gæti þá gert ráð fyrir að Tryggingastofnun fengi kröfuna framselda úr hendi hins slasaða kjósi hann að sækja rétt sinn hér á landi fremur en erlendis.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. janúar 2015

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, þskj. 578, 402. Mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga. Í frumvarpinu eru gildandi ákvæði almannatryggingalaga færð í sérlæg án þess að gerðar séu efnisbreytingar á þeim samkvæmt því sem segir í frumvarpinu. Þá kemur fram í bráðabirgðaákvæði og athugasemdum við lagafrumvarpið að endurskoða skuli lögin innan tveggja ára frá gildistöku þeirra enda sé efnisleg endurskoðun gildandi laga um slysatryggingar löngu tímabær.

BSRB telur nauðsynlegt að gera nokkrar athugasemdir varðandi gildissvið laganna. Í skilgreiningu á hugtakinu slys í 5. gr. frumvarpsins segir að með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama hins tryggða og sem gerist án vilja hans.

BSRB bendir á að vinnuslys er skilgreint sem óvæntur skyndilegur atburður hjá Vinnueftirlitinu og gerði Vinnueftirlitið athugasemdir við sambærilega skilgreiningu, sem fram kemur í 5. gr. á vinnuslysi í umsögn sinni við 635. mál á 141. löggjafarþingi. Vinnueftirlitið benti á að skilgreining Vinnueftirlitsins sé m.a. í samræmi við skilgreiningu ILO og ESB. Sú skilgreining sem fram kemur í frumvarpinu með áherslu á utanaðkomandi atburð útilokar að mati Vinnueftirlitsins slys á hverju ári þar sem ofraun verður á líkama en um fjölda slíkra slysa er að ræða á hverju ári. BSRB leggur því til að skilgreiningu 1. mgr. 5. gr. verði breytt á þann veg að þar segi:

Með slysi er átt við skyndilegan óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

Þá telur BSRB ennfremur rétt að í b-lið 2. mgr. 5. gr. sé í stað þess að vísað sé til „nauðsynlegra ferða“ sé vísað til þess að maður sé á „eðlilegri leið til vinnu og frá“ enda væri það til samræmis við skilmála slysatrygginga. Þá sé ennfremur jafnframt vísað til viðlegustaðar hafi starfsmaður viðlegustað utan heimilis í sama ákvæði.

Þá telur BSRB rétt að ákvæði 4. mgr. 5. gr. eigi ekki við ef slysið gerist utan Íslands. Ástæða þess er að verulegum vandkvæðum getur verið bundið fyrir einstaklinga að sækja bætur úr erlendum skaðatryggingum.

BSRB leggur áherslur á að við fyrirhugaða endurskoðun laganna verði haft samráð við hagsmunaaðila.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2015

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, þskj. 578, 402. mál.

Kennarasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga.

Með frumvarpinu er lagt til að gildandi ákvæði almannatryggingalaga um slysatryggingar verði færð í sérlæg án þess að gerðar séu efnisbreytingar á þeim.

Kennarasamband Íslands gerir ekki athugasemdir við að gildandi ákvæði almannatryggingalaga um slysatryggingar verði færð í sérlæg en telur brýnt að gerðar verði efnisbreytingar á framangreindum ákvæðum. Kennarasamband Íslands leggur jafnframt áherslu á að við fyrirhugaða endurskoðun laganna verði haft samband við hagsmunaaðila þ.á. m. Kennarasamband Íslands.

Meðal þeirra efnisbreytinga sem Kennarasamband Íslands telur að þurfi að gera varðandi slysatryggingar er að samræma og skýra hugtakanotkun.

Kennarasamband Íslands hefur fengið afrit af umsögn BSRB um framangreint frumvarp og er sammála því sem þar kemur fram.

Kennarasamband Íslands telur auk þess að nemendur skóla sem fylgja aðalnámskrá, þ.e.a.s. nemendur í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla ættu að vera slysatryggðir samkvæmt lögnum á meðan þeir eru í skipulögðu skólastarfi. Svo virðist vera sem ríki og sveitarfélögum sé í sjálfsvald sett hvort og hvernig nemendur í skólum sem fylgja aðalnámskrá eru tryggðir vegna slysa á meðan þeir eru í skipulögðu skólastarfi. Sum sveitarfélög kjósa að kaupa slíkar tryggingar fyrir nemendur sína en önnur sveitarfélög og íslenska ríkið kjósa að gera það ekki. Staða nemenda til bóta vegna slysa sem verður í skólastarfi er því mismunandi eftir því hvar og á hvaða skólastigi þeir sækja nám. Mikilvægt er að tryggja nemendum lágmarks bótavernd á meðan þeir eru í skólastarfi og tryggja að lágmarksbótaréttur þeirra sé ekki lakari en t.d. bótaréttur launþega og íþróttafólks sem er orðið 16 ára. Þá er sérstaklega mikilvægt að tryggja að öll börn, þ.e.a.s. einstaklingar undir 18 ára aldri, séu slysatryggð í skipulögðu skólastarfi.

Virðingarfyllt,
f.h. Kennarasambands Íslands

Anna Rós Sigmundsdóttir
lögfræðingur

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 6. janúar 2015
Tilvísun: 2014121700VEL/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um slysstryggingar almannatrygginga.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar, dags. 5. desember 2014, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um slysstryggingar almannatrygginga (402. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þskj.578).

Í frumvarpinu eru gildandi ákvæði almannatryggingalaga um slysstryggingar færð í sérlæg án þess að gerðar séu efnisbreytingar á þeim.

Persónuvernd hefur farið yfir efni frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Vigdís Eva Línal'. The signature is fluid and cursive, written over a white background.

Vigdís Eva Línal

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 6. janúar 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 402. mál.

Frumvarp þetta er liður í heildarendurskoðun laga um almannatryggingar og er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar. Í frumvarpi þessu eru gildandi ákvæði almannatryggingalaga um slysatryggingar færð í sérlæg án efnisbreytinga.

Samtök atvinnulífsins leggja til að í 1. gr. frumvarpsins verði orðskýringar eins og í fyrirliggjandi frumvarpi um breytingu á lögum um almannatryggingar. Einkum þarf að skilgreina hugtökin örorka, varanleg örorka og orkutap (12. gr.), hvaða skilyrði þarf að uppfylla og hverjir meti þau. Þá koma fram prósentuhlutföll hugtakana örorku og orkutaps, 50% og 75%, og er brynt að þessi hlutföll séu skýrð nánar, þ.e. hvernig þau skuli reiknuð.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



From: Berglind Ýr Karlsdóttir [<mailto:berglind.karlsdottir@siukra.is>]
Sent: 30. janúar 2015 14:42
To: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
Cc: Gunnlaugur Helgason
Subject: RE: Fyrirspurn velferðarnefndar

Sæl Sigríður,

Ég hef farið yfir tölfraði slysatrygginga til þess að gefa mynd af ákvörðunum SÍ um bótaskyldu.

SÍ hafa um og yfir 2000 ný slysmál til meðferðar á ári hverju. Alltaf er hluti mála sem ekki er fylgt eftir (oft um 15-20% allra mála). Oftast er tilfellið þá að umbeðnum gögnum er ekki skilað. Þá er ekki ákvarðað um bótaskyldu en málinu frestað að undangengnu ítrekunarferli. Í slíkum tilfellum má vekja málið að nýju með því að skila gögnum síðar og er umsækjendum leiðbeint um það.

Af þeim málum sem tekin hafa verið til ákvörðunar á árunum 2012-2014 hefur bótaskyldu verið hafnað í 11-14,5% tilvika en bótaskylda samþykkt í öðrum.

Rétt er að taka fram að ástæður þess að bótaskyldu er synjað geta verið margvíslegar, enda mörg skilyrði IV. kafla núgildandi laga um almannatryggingar sem þarf að uppfylla svo bótaskylda teljist vera fyrir hendi. Langt frá því allar synjanir byggja á því að ekki teljist vera um "slys" að ræða í skilningi laganna.

Ég vona að þetta dugi til skýringar. Bestu kveðjur.

Kveðja

Berglind Ýr Karlsdóttir
lögfr., deildarstjóri
slysatryggingar og sjúklingatrygging
Tryggingasvið

Sjúkratryggingar Íslands
Skrifstofur: Rauðarárstíg 10
Þjónustuver: Vínlandsleið 16
150 Reykjavík
Sími: 515 0000
berglind.karlsdottir@siukra.is



Sjúkratryggingar
Íslands

402. mál á 144. þingsi

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. júlí 2013

Efni: Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga (heildarlög), 6. mál.

Með tölvupósti dags. 26. júní 2013 var Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) boðið að koma að umsögn um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, en framkvæmd slysatrygginga almannatrygginga er á höndum stofnunarinnar. Frumvarp það sem nú er lagt fram er samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi (635. mál), að frátalinni breytingu sem gerð hefur verið á skilgreiningu á hugtakinu slysi. SÍ vísa því til umsagnar stofnunarinnar dags. 19. apríl 2013 (meðfylgjandi), en vilja þó koma eftirfarandi á framfæri í ljósi umræddrar breytingar.

Í núgildandi löggjöf, nánar tiltekið 1. mgr. 27. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, segir að með slysi sé átt við „skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans“. Skilgreiningin var lögfest með lögum nr. 74/2002, en fram að þeim tíma var hugtakið ekki útlistað í lögum. Skilgreiningin er hin sama og gildir í váttryggingarétti og hafði lengi verið litið til hennar í framkvæmd fyrir lögfestinguna. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 74/2002 kemur einnig fram að skilgreiningin væri í samræmi við dönsk lög um slysatryggingar.¹

Í frumvarpi því sem lagt er fram nú er lagt til að slyshugtaki almannatrygginga verði breytt með þeim hætti að hugtakið nái yfir „skyndilegan óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans“. Er þannig orðinu „utanaðkomandi“ skipt út fyrir „óvæntan“. Í greinargerð segir að með breytingunni sé slyshugtakið rýmkað ögn þannig að það taki m.a. til tilvika þar sem ofreynsla veldur vinnuslysi. Þá sé hin nýja skilgreining sem lögð er til í frumvarpinu efnislega samhljóða skilgreiningu Vinnueftirlitsins á vinnuslysi.

SÍ leggjast ekki gegn því að slyshugtak slysatrygginga almannatrygginga verði víkkað. Stofnunin telur þó ekki rétt að gera orðalagsbreytingu án þess að henni fylgi greinargóðar skýringar á því hvernig þá breytingu beri að túlka. Er því farið fram á að greinargerð með frumvarpinu verði endurskoðuð og að bætt verði við hana ítarlegum skýringum þar sem fram komi þær hugmyndir sem löggjafinn hefur um inntak hins breytta slyshugtaks. Í greinargerð

¹ Þskj. 510 - 359. mál, 127. löggjafarþing 2001-2002. Aðgengilegt á <http://www.althingi.is/altxt/127/s/0510.html>, um 9. gr. (Alþingistíðindi, A-deild, 2001-2002, bls. 2462). Sjá enn fremur umfjöllun í bókinni *Almannatryggingar og félagsleg aðstoð*, Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, JPV 2007, bls. 204 o.áfr.


segir að með breytingunni sé slyshugtakið rýmkað ögn, en telja verður að í raun sé um að ræða umfangsmikla breytingu á slyshugtakinu þar sem skilyrðinu um utanaðkomandi atburð er skipt út fyrir opið skilyrði um að atburður þurfi að hafa verið óvæntur.

Hafa verður í huga að SÍ berast um 1800-2000 tilkynningar um slys ár hvert og ákvarðanir stofnunarinnar um bótaskyldu má kæra til úrskurðarnefndar almannatrygginga. Mikil stjórnsluframkvæmd hefur skapast í kring um slyshugtakið og það hvernig skilja ber skilyrðið um að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið slysi. Orðalagsbreytingar án greinargóðra skýringa löggjafans á því hvað við er átt eru til þess fallnar að skapa réttaróvissu og gera stjórnvöldum erfitt fyrir við rétta framkvæmd nýs ákvæðis.

Skilyrðið um að slys sé til komið af skyndilegum utanaðkomandi atburði hefur í grunninn til verið skýrt með þeim hætti að orsök slyss sé að leita utan líkama hins slasaða og að frávik verði að hafa orðið frá eðlilegri atburðarás. Í því felst að sé orsök áverka að finna innra með slasaða sjálfum er ekki um slys að ræða (t.d. hjartaáfall, aðsvif). Hið sama á við ef einstaklingur t.d. misstígur sig eða fær verk í bak án þess að til komi nokkur utanaðkomandi ástæða. Þannig hefur skilyrðið um að utanaðkomandi atburður þurfi að hafa valdið slysi einnig komið í veg fyrir að undir slyshugtakið falli ýmis meiðsli eða áverkar sem ekki tengjast starfi eða vinnuskilyrðum, en koma fram þegar einstaklingur er staddur í vinnu.

Í greinargerð með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar kemur fram að með orðalagsbreytingunni sé slyshugtakinu ætlað að ná m.a. til atvika þar sem ofreynsla veldur vinnuslysi. Það er í raun í samræmi við stjórnsluframkvæmd, sem hefur á undanförunum árum hneigst í þá átt að ofreynsluáverkar tiltekinna starfshópa sem búa við sérstaka hættu á slíkri ofreynslu (t.d. þeir sem vinna umönnunarstörf) geti talist bótaskyldir sem slys. Það þarf þó að vera ljóst hvort tilgangur og ætlun löggjafans sé að fella undir slyshugtakið öll óvænt meiðsli og áverka sem orðið geta við vinnu, iðnnám, björgunarstörf, tilteknar íþróttæfingar, íþróttasýningar, íþróttakeppnir eða heimilisstörf. Má þar nefna verki, t.d. bakverk sem einstaklingur fær óvænt án þess að um ofreynslu sé að ræða, áföll á borð við hjartaslög, heilasög og aðsvif og fall á jafnsléttu án utanaðkomandi orsakar, s.s. misstig, sem valda meiðslum.

Virðingarfyllt,
f.h. Sjúkratrygginga Íslands



Berglind Ýr Karlsdóttir, lögfr., LL.M
Deildarstjóri
Deild slysa- og sjúklingatryggingar

**Slysatryggingar: Tengsl verkefna við aðrar einingar SÍ og Tryggingastofnun ríkisins
Dags. 31.10.2012**

Slysatryggingum almannatrygginga skv. IV. kafla laga nr. 100/2007 um almannatryggingar (ATL) fylgir umtalsverð vinnsla gagna innan slysatryggingadeildar SÍ. Vegna eðlis þeirra réttinda sem einstaklingar geta átt rétt á á grundvelli 32. gr. laganna, sbr. einnig reglugerð nr. 541/2002 um endurgreiðslu slysatrygginga á nauðsynlegum kostnaði vegna sjúkrá hjálpar, er mjög algengt að vinnsla vegna einstakra réttindagreiðslna komi til meðferðar innan annarra starfseininga SÍ. Ber þar helst að nefna einingu sjúkrá hjálfunar, einingu tannlæknamála, einingu læknaeikninga og hjálparkjamsstöð SÍ, en auk þess gegnir yfirlæknir SÍ lykilhlutverki við vinnslu örorkumata vegna slysa. Þannig er um að ræða umtalsverða samnýtingu starfsfólks vegna málaflokksins milli starfseininga stofnunarinnar. Einnig er nokkur samvinna við lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins (TR).

Nánar varðandi sjúkrá hjálfun:

Samkvæmt g-lið 1. mgr. 32. gr. ATL, sbr. einnig 5. gr. rglg. nr. 541/2002, skulu SÍ greiða að fullu kostnað vegna sjúkrá hjálfunar sem nauðsynleg er vegna bótaskyldra slysa. Í mörgum tilfellum reynist nauðsynlegt að leggja fyrir sjúkrá hjálfara sem starfar í sjúkrá hjálfunareiningu SÍ að meta hvort umbeðin sjúkrá hjálfun tengist slysinu eða ekki og þá hversu mörg skipti í þjálfun ber að greiða.

Þessu til viðbótar ber að nefna að samspil er á milli almenns réttar einstaklinga til niðurgreiðslu SÍ á sjúkrá hjálfun og réttar sem grundvallast á slysatryggingum. Oft er það svo að einstaklingar leita til sjúkrá hjálfara fljótlega eftir að slys hefur átt sér stað, áður en bótaskylda vegna slyssins hefur verið samþykkt í slysatryggingadeild. Í þessum tilfellum berast beiðnir rafrænt til SÍ og greiðsluþátttaka er samkvæmt almennum reglum. Ef síðar kemur til þess að slys er samþykkt sem bótaskyld þurfa einingarnar tvær að vinna saman að réttri skráningu og fullri endurgreiðslu vegna þeirra skipta í þjálfun sem tengjast slysi. Samgangur slysatrygginga við sjúkrá hjálfunardeild er því mikill. Sjúkrá hjálfari SÍ sem tekur afstöðu til greiðslu beiðna hefur áætlað að 15-20% af vinnutíma sé varið í slysatryggingar, enda er mikið um langvarandi sjúkrá hjálfun vegna slysa.

Nánar varðandi tannlækningar:

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 32. gr. ATL skulu SÍ greiða að fullu kostnað vegna tannlækninga sem nauðsynlegar eru vegna bótaskyldra slysa. Ákvæðið segir að SÍ skuli greiða viðgerðarkostnað vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar. Nánar er kveðið á um greiðsluþátttöku í 3. gr. rglg. nr. 541/2002.

Tryggingayfirtannlæknir metur í hverju tilfelli hvaða kostnað við nauðsynlega meðferð hjá tannlækni ber að greiða úr slysatryggingum. Meta þarf að hvaða leyti nauðsynleg meðferð verður rakin til slyss, miðað við ástand tanna fyrir slys. Þetta verkefni

tryggingayfirtannlæknis er í mörgu líkt mati vegna annars konar slysa sem ekki eru bótaskyld samkvæmt IV. kafla ATL, sbr. þau verkefni sem honum eru falin skv. 12. og 16. gr. rglg. nr. 698/2010 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar. Tryggingayfirtannlæknir áætla að um 10-15% af hans vinnutíma sé varið í slysatryggingar.

Nánar varðandi læknareikninga:

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 32. gr. ATL, sbr. einnig 2. gr. rglg. nr. 541/2002, skulu SÍ greiða að fullu kostnað vegna læknishjálpar sem samið hefur verið um samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Umsjón og ákvörðun um greiðsluskyldu SÍ vegna reikninga frá ýmsum aðilum vegna heilbrigðisþjónustu fer fram í einingu læknareikninga. Hluti þessara reikninga ganga upp í afsláttarkort. Starfsfólk slysatrygginga getur í ýmsum vafatilfellum þurft að leita til einingar læknareikninga um aðstoð. Algengast er að þetta komi upp í tilfellum þar sem ekki er að fullu ljóst hversu háan kostnað slasaði hefur borið vegna sjúkrahjálpar, t.d. í málum þar sem einstaklingur hefur fengið endurgreiðslu vegna útgáfu afsláttarkorts. Þegar um einföld mál er að ræða getur starfsfólk slysatrygginga nálgast nauðsynlegar upplýsingar í tölvukerfi læknareikninga.

Nánar varðandi hjálpartæki:

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 32. gr. ATL skulu SÍ greiða að fullu gervilimi eða svipað hjálpartæki, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi, sem og gervitennur, vegna bótaskyldra slysa. Nánar er kveðið á um þátttöku í 6. gr. rglg. nr. 541/2002. Ákvarðanir um það hvort hjálpartæki skuli greidd úr slysatryggingum almannatrygginga eru unnar í hjálpartækjamiðstöð SÍ. Mat byggist á upplýsingum um líkamlegt ástand hins slasaða og koma sjúkra- og iðjuþjálfar að slíku mati. Meta þarf hvort bein tengsl séu á milli afleiðinga slyss og þess hjálpartækis sem sótt er um að fá greitt að fullu úr slysatryggingum svo og mögulega endurnýjun slíkra tækja.

Nánar varðandi vinnslu örorkumata:

Ákvæði 34. gr. ATL veitir hinum slasaða rétt til örorkubóta vegna bótaskylds slyss. Um er að ræða mat á læknisfræðilegri örorku, þar sem varanleg skerðing á líkamlegri eða andlegri færni er metin til hundradshluta. Slíkt mat byggir á læknisfræðilegri greiningu á áverkum og mati á orsakatengslum við slys sem samþykkt hefur verið sem bótaskyldt. Mat á læknisfræðilegri örorku byggir á miskatöflum Örorkunefndar (2006) og er höfð hliðsjón af erlendum miskatöflum vegna áverka sem ekki er getið um í þeim töflum.

Yfirlæknir SÍ hefur mikla reynslu af matsstörfum. Hann hefur aflað sér réttinda sem matslæknir (CIME) auk meistaragráðu í lögfræði og býr því yfir sérþekkingu þegar kemur að heimfærslu til miskataflna og mati á læknisfræðilegum orsakatengslum. Yfirlæknir SÍ gegnir því lykilhlutverki í starfsemi slysatrygginga.


Samvinna við lífeyristryggingadeild TR:

Slysatryggingadeild SÍ hefur einnig nokkra samvinnu við lífeyristryggingadeild TR. Til þessa kemur í þeim málum þar sem örorka slasaða telst 50% eða hærri og kemur til mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna, sbr. ákvæði 34. gr. ATL, en slíkar mánaðarlegar greiðslur eru skráðar í og greiðast úr tölvukerfi lífeyristrygginga. Þetta er gert með vinnslubeiðni sem send er úr

skjalakerfi SÍ í greiðslukerfi TR. Sömu sögu er að segja um mánaðarlegar greiðslur á grundvelli 35. gr. laganna. Því skal þó haldið til haga að ekki er um mörg mál á ársgrundvelli að ræða, þau eru að jafnaði talin á fingrum annarrar handar. Í langflestum málum er örorka metin lægri en 50% og fer greiðsla þá fram í slysatryggingadeild.

Önnur atriði:

Í þessu sambandi má benda á að fyrir árið 2008, þ.e. áður en Sjúkratryggingar Íslands urðu sjálfstæð stofnun, var slysatryggingum fundinn staður á sjúkratryggingasviði TR, við hlið sjúkratryggingadeildar sem bæði sjúkraþjálfun, tannlækningar og eining læknareikningar heyra undir. Þá fer greiðsla sjúkradagpeninga fram í slysatryggingadeild þar sem þær greiðslur eru mjög svipaðs eðlis og slysadagpeningar. Þetta má t.d. sjá í skipuriti TR fyrir árið 2004 sem er í fylgiskjali við þetta minnisblað. Líta verður svo á að þessi skipun hafi byggt á mati á samlegðaráhrifum, þannig að starfskraftur innan sviðsins nýttist sem best.




Berglind Ýr Karlsdóttir

deildarstjóri

slysatryggingar og sjúklingatrygging

Tryggingasvið SÍ





Skipurit

TR

1. júlí 2004

Fjármála & rekstrarsvið (17.8)
Ragnar M. Gunnarsson
framkvæmdastjóri

Bókhaldsdeild (5.3)
Jón Grétar Magnússon
deildarstjóri

Fjárlaga- og hagdeild (2)
Ásta R. Magnúsdóttir
deildarstjóri

Fjárvörsludeild (3.5)
Þjórg Sólvaldóttir
deildarstjóri

Rekstrar- og áætlanadeild (4)
Unnur Agústsóttir
deildarstjóri

Alþjóðamál (1.6)
Hildur Sverrisdóttir
forstöðumaður

Kynningarmál (3)
Gunnar Salvarsson
forstöðumaður

Starfsmannabjónusta (2)
Guðjón Skúlason
forstöðumaður

Upplýsingatekni (13.8)
Hermann Ólason
forstöðumaður



**Sjúkratryggingar
Íslands**

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2015

Efni: Athugasemdir Sjúkratrygginga Íslands við frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, þskj. 578, 402. mál.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga. Samkvæmt því sem fram kemur í skýringum með frumvarpinu er ætlunin að færa ákvæði laga um slysatryggingar almannatrygginga, sem nú er að finna í IV. kafla laga um almannatryggingar nr. 100/2007, í sérlæg án þess að nokkrar efnisbreytingar séu gerðar.

SÍ sjá um framkvæmd slysatrygginga almannatrygginga. Í athugasemdum við það frumvarp sem nú hefur verið lagt fram segir að við undirbúning þess hafi verið haft samráð við stofnunina. Í ljósi þess skal tekið fram að samráðið skilaði ekki breytingum sem SÍ telja nauðsynlegar.

Af hálfu SÍ hefur verið farið vandlega yfir frumvarpið. Frumvarpið er sett fram með þeim formerkjum að efnisbreytingar því fylgjandi séu engar. Rétt er að ákvæði varðandi bætur slysatrygginga eru í frumvarpinu óbreyttar frá því sem er í núgildandi lögum. Í frumvarpið vantar hins vegar flest þau ákvæði sem nú er að finna í VI. kafla laga um almannatryggingar (sameiginleg ákvæði) auk þess sem ýmislegt er óljóst um breytingu á samspili bóta slysatrygginga og lífeyristrygginga almannatrygginga, verði frumvarpið að lögum. Ákvæði um erlend málefni (réttindi á milli landa) eru einnig óskýr að hluta.

Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim efnisbreytingum sem frumvarpið felur í sér að mati stofnunarinnar. Einnig eru gerðar tillögur að breytingum sem gera þarf svo efnisbreytingar fylgjandi því að færa IV. kafla laga um almannatryggingar í sérlæg verði í raun og veru engar og lög um slysatryggingar geti staðið sjálfstætt. Sé ætlunin að gera umræddar efnislegar breytingar er rétt að það komi fram í skýringum við frumvarpið. Einnig er þá nauðsynlegt að greina áhrif breytinganna og veita SÍ svigrúm til undirbúnings.

SÍ fagna því sem fram kemur í bráðabirgðaákvæði og athugasemdum við frumvarpið, að endurskoða skuli ný lög um slysatryggingar almannatrygginga innan tveggja ára og hafa við þá vinnu hliðsjón af ábendingum SÍ. Það er mat stofnunarinnar að þörf sé á efnislegri endurskoðun löggjafar um slysatryggingar almannatryggingar sem fyrst.



1. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins

Í 2. mál. 3. gr. frumvarpsins segir að Tryggingastofnun ríkisins skuli annast greiðslur mánaðarlegra bóta slysatryggingar skv. 11. og 12. gr. Hér virðast hafa orðið mistök við vinnslu frumvarpsins og að átt sé við 12. og 13. gr. frumvarpsins (örorkubætur og dánarbætur). Sá skilningur er í samræmi við gildandi framkvæmd.

2. Ákvæði 23. gr. frumvarpsins – lagaskil

Í 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins segir að ákvæði laga um sjúkratryggingar gildi eftir því sem við á, m.a. um málsmeðferð, ákvarðanir og greiðslur bóta, þagnarskyldu, meðferð persónuupplýsinga, stjórnsýslukærur og hækkun bóta. Af tilvísun til laga um sjúkratryggingar leiðir að ýmsar efnislegar breytingar verða frá gildandi löggjöf um slysatryggingar almannatrygginga, skv. VI. kafla gildandi laga um almannatryggingar (sameiginleg ákvæði).

a. Réttarstaða sambylisfólks

Núgildandi 49. gr. laga um almannatryggingar kveður á um að sama rétt til bóta samkvæmt lögnum og hjón hafi einstaklingar sem eru í óvígðri sambúð, sbr. nánari skilgreiningu. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.

Engin ákvæði um rétt einstaklinga í óvígðri sambúð er að finna í frumvarpi til laga um slysatryggingar almannatrygginga, né heldur í lögum um sjúkratryggingar. Að óbreyttu fellur því niður réttur sambúðarfólks til dánarbóta skv. 13. gr. frumvarpsins, en í ákvæðinu kemur fram að rétt til slíkra bóta eigi ekkja eða ekill sem var í samvistum við hinn látna eða á framfæri hans. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein svohljóðandi, en greinin er samhljóða 10. gr. sbr. 7. tl. 2. mgr. 1. gr. frumvarps til laga um almannatryggingar (þskj. 393 – 322. mál):

Réttarstaða sambúðarfólks.

Einstaklingar sem eru í óvígðri sambúð, þ.e. sambúð tveggja einstaklinga, sem skráð er í þjóðskrá, enda eigi þeir barn saman eða von á barni saman eða hafi verið í sambúð samfleytt lengur en eitt ár, njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og hjón hafa samkvæmt lögum þessum. Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.

b. Um greiðslur til þriðja aðila

Samkvæmt núgildandi 50. gr. laga um almannatryggingar er heimilt að greiða öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur ef ástæða er til að ætla að bæturnar séu notaðar á þann hátt að eigi samrýmist tilgangi laganna. Enga sambærilega grein er að finna í frumvarpi til laga um slysatryggingar almannatrygginga eða í lögum um sjúkratryggingar. Að óbreyttu fellur heimild SÍ til þessarar ráðstöfunar því niður. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein svohljóðandi, en greinin er samhljóða 11. gr. frumvarps til laga um almannatryggingar (þskj. 393 – 322. mál):



Greiðslur til þriðja aðila.

Ef talin er hætt á að greiðslur sem ætlaðar eru greiðsluþega eða framfæranda til framfærslu séu notaðar á þann hátt að eigi samrýmist tilgangi laga þessara er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða þær eða hluta þeirra öðrum en greiðsluþega eða framfæranda. Slíkar ákvarðanir skulu ávallt vera tímabundnar og teknar í samráði við félagsþjónustu hlutaðeigandi sveitarfélags eða barnaverndarnefnd ef um er að ræða greiðslur vegna framfærslu barna.

c. Upphaf og lok bótaréttar – afturvirkni slysalífeyrisgreiðslna

Núgildandi ákvæði slysatrygginga almannatrygginga um upphaf og lok bótaréttar er 53. gr. laga um almannatryggingar. Þar segir í 2. mgr. að bætur, *aðrar en slysalífeyrir*, skuli aldrei ákvarðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð berast stofnuninni. Ákvæðið hefur verið túlkað samkvæmt orðanna hljóðan að engin takmörk séu á greiðslu slysalífeyris skv. 34. gr. núgildandi laga um almannatryggingar (12. gr. frumvarpsins) aftur í tímann aðrar en almennar fyrningarreglur (10 ár).

Í frumvarpi til laga um slysatryggingar almannatrygginga er ekki að finna ákvæði um upphaf og lok bótaréttar og verður því litið svo á að 2. mgr. 35. gr. laga um sjúkratryggingar muni að óbreyttu gilda þar um. Samkvæmt þeirri grein skulu bætur aldrei ákvarðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og/eða gögn sem nauðsynleg eru til að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta berast. Að óbreyttu mun því réttur til afturvirktrar greiðslu örorkubóta (slysalífeyrir eða eingreiðsla örorkubóta) í kjölfar slysa takmarkast mikið frá því sem nú er. Því er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein svohljóðandi:

Ákvörðun bóta.

Allar umsóknir skulu ákvarðaðar svo fljótt sem kostur er á og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi þegar umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrði til bótanna. Mánaðarlegar bætur skv. 12. og 13. gr. reiknast þó frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.

Bætur vegna sjúkrahjálpar, dagpeninga og dánarbætur skal aldrei ákvarða lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta berast sjúkratryggingastofnuninni. Um greiðslur slysalífeyris aftur í tímann fer samkvæmt lögum um fyrningu kröfuréttinda.

Ákvarðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan tólf mánaða, en ákvarða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

d. Fangelsisvist

Samkvæmt núgildandi ákvæði 56. gr. laga um almannatryggingar falla allar bætur slysatrygginga almannatrygginga niður eftir fjögurra mánaða samfellda vist einstaklings í



fangelsi eða annarri stofnun þar sem hann er úrskurðaður til vistar. Enga sambærilega grein er að finna í frumvarpi til laga um slysatryggingar almannatrygginga eða í lögum um sjúkratryggingar. Að óbreyttu falla því niður áðurnefnd ákvæði um niðurfellingu bóta slysatrygginga vegna vistunar í fangelsi/á stofnun. Því er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein svohljóðandi, en greinin er að mestu samhljóða ákvæði í 16. gr. frumvarps til laga um almannatryggingar (þskj. 393 – 322. mál):

Fangelsisvist

Nú afplánar greiðsluþegi refsingu í fangelsi, sætir gæsluvarðhaldi eða er á annan hátt úrskurðaður til dvalar á stofnun og skulu þá falla niður allar bætur til hans. Sama á við þegar greiðsluþegi kemur sér viljandi undan því að afplána refsingu. Verði greiðsluþegi ekki dæmdur til fangelsisvistar í kjölfar gæsluvarðhalds skulu bætur til hans greiddar fyrir það tímabil þegar gæsluvarðhaldsvist stóð yfir.

e. Dvöl á sjúkrahúsi

Samkvæmt nágildandi ákvæði 5. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar falla lífeyrisgreiðslur og bætur því tengdar niður ef lífeyrisþegi dvelst á sjúkrahúsi um ákveðinn tíma. Getur þá eftir atvikum komið til greiðslu vasapeninga (ráðstöfunarfjár) frá Tryggingastofnun ríkisins, skv. 8. mgr. sömu greinar. Enga sambærilega grein er að finna í frumvarpi til laga um slysatryggingar almannatrygginga eða í lögum um sjúkratryggingar. Þar sem afgreiðsla slysalífeyris og greiðslur til viðbótar slysalífeyri verða, skv. 3. gr. og 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins, hjá Tryggingastofnun ríkisins er lagt til að vísað verði til laga um almannatryggingar hvað þessa framkvæmd varðar.

Dvöl á sjúkrahúsi

Um bótarétt þess sem nýtur slysalífeyris samkvæmt lögum þessum og dvelst á sjúkrahúsi fer samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.

f. Bann við framsali

Samkvæmt nágildandi ákvæði 57. gr. laga um almannatryggingar er óheimilt að framselja eða veðsetja bótakröfur á grundvelli slysatrygginga almannatrygginga. Auk þess er óheimilt að leggja á þær löghald, gera í þeim fjárnám eða halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda. Enga sambærilega grein er að finna í frumvarpi til laga um slysatryggingar almannatrygginga eða í lögum um sjúkratryggingar. Að óbreyttu fellur því niður ákvæði um bann við framsali og veðsetningu bótakrafna vegna slysa. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein svohljóðandi, en greinin er efnislega að mestu samhljóða nágildandi ákvæði 57. gr. almannatryggingalaga:

Bann við framsali, veðsetningu o.fl.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum og hvorki má kyrrsetja þær né gera í þeim fjárnám né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.



g. *Upplýsingaskylda til SÍ*

Samkvæmt nágildandi ákvæði 5. mgr. 52. gr. laga um almannatryggingar er þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem bera ábyrgð á vörslu sjúkraskráa skylt að veita SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna ákvörðunar um greiðslu bóta eða endurgreiðslu reikninga og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Enga sambærilega grein er að finna í frumvarpi til laga um slysatryggingar almannatrygginga. Ákvæði laga um sjúkratryggingar um upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsfólks (46. gr.) einskorðast við skyldu til upplýsingagjafar vegna eftirlitshlutverks SÍ og getur því ekki átt við nauðsynlega gagnaöflun vegna umsókna um bætur úr slysatryggingum almannatrygginga. Lagt er til að við frumvarpið bættist ný grein svohljóðandi, en ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða nágildandi ákvæði 5. mgr. 52. gr. laga um almannatryggingar:

Upplýsingaskylda heilbrigðisstarfsmanna.

Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem ábyrgð bera á vörslu sjúkraskráa er skylt að veita læknum, eða eftir atvikum hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum sjúkratryggingastofnunarinnar, þær upplýsingar og gögn sem stofnuninni eru nauðsynleg vegna ákvörðunar um greiðslu bóta.

3. Samspil bóta

Í nágildandi 48. gr. laga um almannatryggingar er m.a. fjallað um samspil bóta lífeyristrygginga almannatrygginga og slysatrygginga almannatrygginga. Í 2. mgr. 48. gr. kemur fram að enginn geti notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögnum, með þeim undantekningum að saman geta farið:

- i. dánarbætur til ekkju eða ekkils skv. a-lið 1. mgr. 35. gr. (13. gr. frumvarpsins) og allar aðrar bætur slysatrygginga og lífeyristrygginga.
- ii. barnalífeyrir skv. 20. gr. laga um almannatryggingar og dagpeningar skv. 33. gr. (11. gr. frumvarpsins)
- iii. slysadagpeningar skv. 33. gr. (11. gr. frumvarpsins) og ellilífeyrir skv. 17. gr. laga um almannatryggingar.

Í 3. mgr. 48. gr. segir ennfremur að eigi maður rétt á fleiri en einni tegund bóta samkvæmt lögnum sem ekki geta farið saman megi hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Njóti umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta sem veittar eru til langs tíma skulu dagpeningar nema mismuninum.

Í 9. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (þskj. 393 – 322. mál), sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingu á 48. gr. laga um almannatryggingar:



a. 1.-4. mgr. orðast svo:

Enginn getur samtímis notið fleiri en einnar tegundar bóta samkvæmt lögum þessum vegna sama atviks og fyrir sama tímabil nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Þrátt fyrir 1. mgr. getur lífeyrisþegi samhliða lífeyrisgreiðslum notið bóta og styrkja sem er ætlað að mæta útlögðum kostnaði vegna sama atviks.

Eigi greiðsluþegi rétt á fleiri tegundum bóta en einni samkvæmt lögum þessum sem ekki geta farið saman skal greiða honum hærrí eða hæstu bæturnar.

Njóti einstaklingur bóta samkvæmt öðrum lögum fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar samkvæmt þessum lögum, skulu þær teljast til tekna við útreikning tekjutengdra bóta samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara, sbr. þó bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga.

Í skáletruðum texta sem og greinargerð með frumvarpinu (þskj. 393 – 322. mál) kemur skýrlega fram að gert sé ráð fyrir óbreyttri meðferð dánarbóta til ekkju eða ekkils, sbr. lið i) hér að ofan, þ.e. þær bætur slysatrygginga skulu ekki koma til skerðingar á bótum lífeyristrygginga. Allar aðrar bætur samkvæmt öðrum lögum skulu á hinn bóginn teljast til tekna við útreikning tekjutengdra bóta lífeyristrygginga, þó að teknu tilliti til 16. gr. laga um almannatryggingar.

Ekki er fjallað um samspil bótaflokka í frumvarpi til laga um slysatryggingar almannatrygginga eða lögum um sjúkratryggingar. Verði lagabreytingar samkvæmt því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar og frumvarpi til laga um almannatryggingar (þskj. 393 – 322. mál) munu ákvæði liða ii) og iii) sem raktir eru að ofan því falla úr lögum. Verður því ekki annað séð en að dagpeningar vegna slysa skv. 11. gr. frumvarpsins muni geta haft áhrif á greiðslu barnalífeyris og ellilífeyris skv. lögum um almannatryggingar.

Afleiðingar þess að ákvæði núgildandi 2. og 3. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar falla niður verða að líkindum nokkrar. Ber þar helst að nefna samspil örorkubóta vegna slyss skv. 12. gr. frumvarpsins¹ og lífeyrisgreiðslna samkvæmt 18. gr. laga um almannatryggingar. Samkvæmt núgildandi lögum um almannatryggingar er litið svo á að örorkubætur slysatrygginga og greiðslur lífeyris samkvæmt 18. gr. laga um almannatryggingar greiðist ekki saman. Ef einstaklingur sem fengið hefur eingreiðslu örorkubóta vegna slyss fær rétt til lífeyris samkvæmt 18. gr. laga um almannatryggingar kemur eingreiðslan til varanlegrar lækkunar á grunnlífeyri. Verði frumvörpin tvö að lögum verður ekki annað séð en að eingreiðsla örorkubóta vegna slyss og greiðslur lífeyristrygginga almannatrygginga geti greiðst saman og hafi ekki áhrif hvor á aðra.² Einnig er óljóst hvornig færi um greiðslu slysalífeyris (greitt þegar örorka vegna slyss er yfir 50%). Slysalífeyrir sem og barnalífeyrir sem honum getur fylgt skv. 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins hafa hingað til ekki verið greiddir samhliða lífeyrisgreiðslum skv. 18. gr. laga um almannatryggingar, en það kann að breytast að því leyti sem slíkar greiðslur eru undir tekjuviðmiðunarmörkum 16. gr. sömu laga.

¹ Örorkubætur vegna slyss eru greiddar í einu lagi sé örorka metin undir 50%. Sé örorka hærrí greiðist slysalífeyrir.

² Rétt er að geta þess að eingreiðsla örorkubóta slysatrygginga mun væntanlega ekki hafa áhrif á útgreiddan lífeyri samkvæmt 18. gr. almannatryggingalaga í ljósi 2. mgr. 16. gr. sömu laga. Samkvæmt 2. mgr. 28. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 teljast eingreiddar örorkubætur ekki til tekna í skilningi laganna.



**Sjúkratryggingar
Íslands**

Til viðbótar við þetta skal nefnt að verði frumvörpin tvö óbreytt að lögum lítur út fyrir að tekjutenging bótagreiðslna sem veittar eru til langs tíma (lífeyrir skv. 18. gr. laga um almannatryggingar, eingreiðsla örorkubóta vegna slyss) við greiðslur slysadagpeninga (sjá nágildandi 2. ml. 3. mgr. 48. gr. almannatryggingalaga) muni falla niður.

Sjá má að í ofangreindu felast umtalsverðar efnisbreytingar og ekki verður séð að áhrif þeirra hafi verið greind sérstaklega. Að mati SÍ liggja áhrifin ekki nægilega ljós fyrir og nauðsynlegt að bæta úr því áður en til lagabreytinga kemur.

4. Réttindi erlendis

a. Greiðsla sjúkrakostnaðar erlendis

Í 5. mgr. 10. gr. frumvarpsins kemur fram að einungis skuli greiða úr slysatryggingum nauðsynlegan sjúkrakostnað sem fellur til hér á landi nema annað leiði af milliríkjasamningum. Þó skal greiða óhjákvæmilega sjúkrahjálþ sem til fellur erlendis ef slasaði er tryggður samkvæmt 2. ml. b-liðar 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins (lengri sendiferðir á vegum vinnuveitanda) eða samkvæmt ákvæðum laga um sjúkratryggingar.

Óljóst er hvað átt er við með lokamálslið greinarinnar, að nauðsynlegur kostnaður sem fellur til erlendis skuli greiðast úr slysatryggingum almannatrygginga ef slasaði er tryggður samkvæmt ákvæðum laga um sjúkratryggingar. Slysatrygging einstaklings samkvæmt lögum um almannatryggingar er ekki háð því að viðkomandi sé sjúkratryggður á Íslandi. Sé átt við einstaklinga sem sjúkratryggðir eru á Íslandi á grundvelli 1. mgr. 11. gr. laga um sjúkratryggingar (útsendir starfsmenn) er lagt til að vísað verði sérstaklega til þeirrar greinar í ákvæðinu.

b. 20. gr. frumvarpsins – réttindi milli landa

Í 20. gr. frumvarpsins er fjallað um réttindi milli landa. Þar segir í 1. mgr. að þegar milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að kveði á um gagnkvæm réttindi til slysatrygginga almannatrygginga skuli þeir sem eiga að falla undir íslenska löggjöf skv. samningnum öðlast réttindi skv. lögnum.

Í 1. ml. 2. mgr. segir svo að ákvæðið eigi einnig við um einstaklinga sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar en starfa erlendis fyrir aðila sem hefur aðsetur og starfsemi á Íslandi.

Almennt skilyrði þess að launþegi teljist tryggður samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga er að hann starfi hér á landi, sbr. a-lið 1. mgr. 29. gr. nágildandi laga um almannatryggingar og a-lið 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Í því felst að laun og tryggingagjald vegna launþegans falli til á Íslandi. Í 1. mgr. 11. gr. laga um sjúkratryggingar, sem fjallar um sk. útsenda starfsmenn frá aðilum sem hafa aðsetur og starfsemi á Íslandi, er það skilyrði



**Sjúkratryggingar
Íslands**

sjúkratryggingar að tryggingagjald vegna launa hins útsenda starfsmanns sé greitt hér á landi af launum hans. Í ljósi þessa er lagt til að ákvæði 1. ml. 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins verði orðað með eftirfarandi hætti:

„Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um einstaklinga sem eru sjúkratryggðir samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga um sjúkratryggingar og starfa erlendis fyrir aðila sem hefur aðsetur og starfsemi á Íslandi, enda sé tryggingagjald, sbr. lög um tryggingagjald greitt hér á landi af launum hans.“

Í 2. ml. 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins segir loks að framangreint gildi ekki um þá sem starfa í löndum þar sem milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að gilda. Ekki er ljóst hvað átt er við með þessu ákvæði og er mikilvægt að ákvæðið verði skýrt.

Virðingarfyllst,

Berglind Yr Karlsdóttir
deildarstjóri
Tryggingasvið Sjúkratrygginga Íslands

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. janúar 2015

Efni: Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga. – 402. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 5. desember 2014 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun greiði mánaðarlegan lífeyri þegar slysaörorka er metin meiri en 50% þrátt fyrir að Sjúkratryggingum sé falin meðferð slysatrygginga. Við uppskiptingu stofnunarinnar árið 2008 í Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun var greiðsla slysaörorku eitt af þeim atriðum sem skaraðist á milli stofnananna og ekki er enn frágengið. Eðlilegast væri að taka skrefið til fulls að fela þeim sem sér um slysatryggingar að sjá um slysatryggingarnar að öllu leyti.

Rétt er að benda á að slysatryggingar eiga mikla samleið með lífeyristryggingum sem Tryggingastofnun fer með og þau sem eiga rétt til slysatrygginga eiga oft rétt til margvíslegra greiðslna úr lífeyristryggingakerfinu sem Tryggingastofnunar hefur umsjón með. Slysatryggingar eiga það líka sameiginlegt með lífeyristryggingum að það felur í sér beina þjónustu við einstaklinginn á meðan þjónusta Sjúkratrygginga beinist fremur að fagaðilum. Markmiði stjórnvalda að einfalda alla aðkomu viðskiptavinarins að opinberri þjónustu með svokallaðri „one shop stop“ yrði þannig frekar náð ef Tryggingastofnun væri falin öll umsjón slysatrygginga.

Að lokum vill Tryggingastofnun vekja athygli á að líklegt sé að mistök hafi verið gerð í 3. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu sem fjallar um framkvæmd slysatrygginga er gert ráð fyrir því að Tryggingastofnun annist greiðslur mánaðarlegra bóta slysatrygginga skv. 11. og 12. gr. laganna. Í 11. gr. laganna er fjallað um slysadagpeninga og í þeirri 12. örorkubætur. Í dag sér Tryggingastofnun um greiðslur örorkubóta og dánarbóta vegna slysatrygginga, en um dánarbætur er fjallað í 13. gr. frumvarpsins. Líklegt er því að hér hafi átt að vísa til 12. og 13. gr. en ekki 11. og 12. gr. Er þannig ályktað m.a. vegna þess að í sambærilegum frumvörpum að lögum um slysatryggingar almannatrygginga sem lögð hafa verði fram á síðustu misserum, þ.e. 6. máli 2013 og 635. máli 2012 – 2013, hefur í ákvæðinu um framkvæmd slysatrygginga verið gert ráð fyrir að Tryggingastofnun muni áfram annast greiðslu á örorkubótum og dánarbótum. Sé hér um mistök að ræða er mikilvægt er að þau verði leiðrétt.

Virðingarfyllt



Sigríður Lilly Baldursdóttir, forstjóri

Breytingartillögur vegna frumvarps til laga um slysatryggingar almannatrygginga.

1. Í stað 11. og 12. gr. í 2. máls. 3. gr. kemur: 12. og 13. gr.

2. Á eftir 13. gr. í II. kafla kemur ný grein, 14. gr., svohljóðandi, ásamt fyrirsögn, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Ákvörðun bóta.

Allar umsóknir skulu ákvarðaðar svo fljótt sem kostur er á og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi þegar umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrði til bótanna. Mánaðarlegar bætur skv. 12. og 13. gr. reiknast þó frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.

Bætur vegna sjúkrahjálpar, dagpeninga og dánarbætur skal aldrei ákvarða lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta berast sjúkratryggingastofnuninni. Um greiðslur slysalífeyris aftur í tímann fer samkvæmt lögum um fyrningu kröfuréttinda.

Ákvarðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan tólf mánaða, en ákvarða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

Grundvöll bótaréttar má skoða hvenær sem er og samræma þeim breytingum sem orðið hafa.

3. Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr.:

a. Orðin „eiga að“ í 1. mgr. falla brott.


b. 2. mgr. orðast svo: Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um einstaklinga sem eru sjúkratryggðir samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga um sjúkratryggingar og starfa erlendis fyrir aðila sem hefur aðsetur og starfsemi á Íslandi, enda sé tryggingagjald greitt hér á landi af launum hans, sbr. lög um tryggingagjald.

4. Á eftir 2. mgr. 24. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi: Ákvæði laga um almannatryggingar gilda eftir því sem við á um réttarstöðu sambúðarfólks, greiðslur til þriðja aðila, fangelsisvist, dvöl á stofnun, upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanna og bann við framsali, veðsetningu o.fl.

Atvinnuleysisbætur, slysdagpeningar og launavísitala 1996-2014

Árslok	Atvinnuleysis- bætur pr.dag	Atv.læysisbætur m.1 barni	Slysdag- peningar	Slysdagp m.1 barni	Launavisi- tala (des)	atv einst	atv 1 barn	slysab einst	slysab 1 barn	launavísitala
1994	2.141,00	85,64	866	143	133,8	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
1995	2.309,00	92,36	669	150	141,8	107,8	107,8	100,5	105,0	106,0
1996	2.433,00	97,32	698	150	148,7	113,6	113,6	104,9	105,0	111,1
1997	2.646,00	105,84	759	163	160,7	123,6	123,6	114,0	114,1	120,1
1998	2.752,00	110,08	789	170	173,3	128,5	128,5	118,5	119,0	129,5
1999	2.862,00	114,48	821	177	184,0	133,7	133,7	123,3	123,9	137,5
2000	2.965,00	118,80	821	177	198,0	138,5	138,5	123,3	123,9	148,0
2001	3.137,00	125,48	900	193	217,0	146,5	146,5	135,2	135,2	162,2
2002	3.404,00	138,16	977	209	228,7	159,0	159,0	146,8	146,4	170,9
2003	3.574,00	142,96	1008	216	241,0	166,9	166,9	151,4	151,3	180,1
2004	3.681,00	153,84	1038	222	255,5	171,9	191,3	155,9	155,5	191,0
2005	4.219,00	168,76	1074	230	273,9	197,1	197,1	161,3	161,1	204,7
2006	5.123,00	204,92	1117	239	300,8	239,3	239,3	167,8	167,4	224,8
2007	5.272,00	210,88	1184	253	326,6	246,2	246,2	177,9	177,2	244,1
2008	6.277,00	251,08	1270	285	353,6	293,2	293,2	190,8	199,6	264,3
2009	6.900,00	276,00	1392	312	366,5	322,3	322,3	209,1	218,5	273,9
2010	6.900,00	276,00	1392	312	383,1	322,3	322,3	209,1	218,5	286,3
2011	7.454,00	298,16	1505	337	418,2	348,2	348,2	226,1	236,0	312,6
2012	7.715,00	308,60	1558	349	437,7	360,3	360,3	234,0	244,4	327,1
2013	7.965,00	318,60	1619	363	463,8	372,0	372,0	243,2	254,2	346,6
2014	8.500,00	340,00	1677	376	494,6	397,0	397,0	251,9	263,3	369,7

Samanburður 1994-2014 (index)



Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. janúar 2015

Tilvísun: 201412-0019/0.03.02

Umsögn um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 402. mál

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis um umsögn um ofangreint frumvarp sem barst í tölvupósti, dags. 5. desember 2014.

Inngangur

Vinnueftirlitið fer með framkvæmd laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhæti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, en meginmarkmið þeirra er að koma í veg fyrir vinnuslys og atvinnutengda sjúkdóma. Ákvæði um atvinnusjúkdóma er að finna í fyrirbyggjandi frumvarpi og er því fjallað um það í umsögn þessari og hún því ekki takmörkuð við slysatryggingar.

Mikilvægt er að hér á landi gildi hliðstæðar lagareglur og í nágrannalöndum okkar um bótarétt vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma sem upp koma. Sanngjarn bótaréttur er réttlætismál fyrir þá sem fyrir vinnuslysum og atvinnusjúkdómum verða, en skiptir líka miklu máli fyrir forvarnarstarf. Í fyrsta lagi verður kostnaður vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma sýnilegur og myndar mikilvægan hvata til forvarna. Í öðru lagi er mikilvægt fyrir Vinnueftirlitið að hafa nákvæmar upplýsingar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma t.d. fjölda, orsakir og hvar slys/sjúkdómar eiga sér stað til að stofnunin geti gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir að vinnuslys eða atvinnusjúkdómar endurtaki sig. Lög nr. 46/1980 veita Vinnueftirlitinu ákveðin tæki til að afla upplýsinga um vinnuslys og atvinnusjúkdóma. Skv. 1. – 2. mgr. 79. gr. eru alvarleg vinnuslys tilkynningarskyld til Vinnueftirlitsins, auk þess sem stofnuninni ber að rannsaka orsakir slíkra vinnuslysa, sbr. 81. gr. Skv. 3. mgr. 79. gr. ber lækni, sem kemst að því eða fær grun um að starfsmaður eða hópur starfsmanna hafi atvinnusjúkdóm, að tilkynna það til Vinnueftirlitsins. Til að skerpa á því að atvinnusjúkdómar verði tilkynntir til Vinnueftirlitsins var 11. maí 2011 sett sérstök reglugerð nr. 540/2011 um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma.

Skilgreining á vinnuslysi (5. gr.)

Vinnueftirlitið skilgreinir vinnuslys með eftirfarandi hætti:

Með vinnuslysi er átt við skyndilegan, óvæntan atburð í tengslum við vinnu sem veldur áverkum, heilsutjóni eða dauða eins eða fleiri einstaklinga.

Er þessi skilgreining í samræmi við skilgreiningu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO), Evrópusambandsins (ESB) og almannatryggingarlaganna í Danmörku á vinnuslysi.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. fyrirbyggjandi frumvarps munu slysatryggingar almannatrygginga taka til slysa við vinnu, iðnnáms, björgunarstarfa og tilteknar íþróttæfingar, íþróttasýningar, íþróttakeppnir eða heimilisstörf, enda sé sá sem fyrir slysi verður tryggður samkvæmt ákvæðum 7. eða 8. gr. Í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er slys síðan skilgreint með eftirfarandi hætti:

Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

Þessi skilgreining á slysi sem leggur áherslu á utanaðkomandi atburð, útilokar á hverju ári vinnuslys þar sem ofraun verður á líkama en þau hafa frá árinu 2007 að telja verið á bilinu 55 til 97 á ári hverju. Sem dæmi má nefna slys sem verður með þeim hætti að slasaði er að rétta hurð er hann finnur fyrir smell í vinstri öxl með þeim afleiðingum að hann tognar. Þetta atvik er ekki með utanaðkomandi atburði og er því ekki bótaskyldt, ef miðað er við ofangreinda skilgreiningu.

Á því eru verulegar líkur að með þessari áherslu á utanaðkomandi atburð í skilgreiningunni þá verði ofmetið í tölfræði þáttur slíkra atburða þar sem ríkir hagsmunir hins slasaða eru að fá slysið metið sem „slys” samkvæmt slysatryggingum. Þetta leiðir til þess að aukin hætta er á skekkju við mat á hvaða þættir skipta mestu máli í slysaforvörnum. Þess vegna er mikilvægt að hafa skilgreininguna opna og í samræmi við almennan skilning á slysum. Eins og áður hefur verið getið þá er sú skilgreining sem Vinnueftirlitið notast við í samræmi við skilgreiningu ILO, ESB og almannatryggingarlög í Danmörku.

Vinnueftirlitinu þykir eðlilegt að skilgreining á vinnuslysi verði samræmd hér á landi svo engin bjögun verði í tölfræði vinnuslysa og þar með slysaforvörnum, auk þess verður það að teljast óeðlilegt að skilgreining á slysi skv. fyrirbyggjandi frumvarpi sé ekki í samræmi við það sem almennt tíðkast á alþjóðavettvangi og hjá þeim sem við viljum bera okkur saman við.

Af ofangreindum ástæðum gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að eftirfarandi breytingar verði á 5. gr. frumvarps til laga um slysatryggingar almannatrygginga:

Í stað 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: *Með slysi er átt við skyndilegan, óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.*

Atvinnusjúkdómar (5. gr.)

Samkvæmt 6. mgr. 5. gr. fyrirbyggjandi frumvarps er kveðið á um að ákveða skuli með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir, en sambærilegt ákvæði er í núverandi lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar (6. mgr. 27. gr.). Slík reglugerð hefur ekki verið sett.

Þegar liggur fyrir að atvinnusjúkdómar eru tilkynningarskyldir af hálfu lækna til Vinnueftirlitsins samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 og reglugerð nr. 540/2011 um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma. Í reglugerðinni er vísað til þess að við greiningu og tilkynningu á atvinnusjúkdómum skuli læknirinn viðhafa ákveðið vinnulag og hafa í huga atvinnusjúkdómalista ESB. Þessi tilkynningarskylda hefur ekki virkjust nema að litlu leiti

Þrátt fyrir að sérstök reglugerð hafi verið sett um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma. Í dag hafa að meðaltali innan við 20 atvinnusjúkdómar verið tilkynntir árlega til Vinnueftirlitsins. Þetta þýðir mögulega og líklega að hópur manna er enn að vinna í umhverfi sem getur valdið heilsutjóni sem hægt er að fyrirbyggja með virku tilkynningarkerfi.

Með þessu eru starfsmenn á Íslandi settir skör lægra en starfsmenn annars staðar á Norðurlöndum og í öðrum nágrannalöndum sem við viljum bera okkur saman við, þar sem virkar atvinnusjúkdómavarnir grundvallast á virku kerfi tilkynninga atvinnusjúkdóma. Jafnframt er tryggingarleg staða starfsmanna á Íslandi í dag m.t.t. atvinnusjúkdóma verri en á hinum Norðurlöndunum. Í Danmörku eru t.d. tilkynntir um 19.000 atvinnusjúkdómar á ári. Af þeim er um fimmtungur viðurkenndur sem atvinnusjúkdómur eftir skoðun yfirvalda. Ef við gerum ráð fyrir að danskur vinnumarkaður sé um 15 sinnum stærri en sá íslenski þá má gera ráð fyrir um 270 tilkynningum um atvinnusjúkdóm hér á landi. Við missum því mögulega af meir en 250 tilvikum þar sem koma má í veg fyrir atvinnutengt heilsutjón og mögulega örorkuorku vegna þess.

Vinnueftirlitið leggur ríka áherslu að allt sé gert til örva tilkynningarferli atvinnusjúkdóma og koma þannig í veg fyrir frekara atvinnutengt heilsutjón. Ein leið til þess er að allir tilkynningarskyldir atvinnusjúkdómar verði gerðir bótaskyldir með sama hætti og vinnuslys.

Af ofangreindum ástæðum gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að eftirfarandi breytingar verði á 5. og 6. gr. frumvarps til laga um slysatryggingar almannatrygginga:

Í stað 6. mgr. 5. gr. kemur nýr málsgrein svohljóðandi: *Þeir sem verða fyrir sjúkdómum sem orsakast af vinnu eða aðstæðum í starfsumhverfi skulu eiga rétt á bótum í samræmi við lög þessi. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.*

Við 6. gr. bætist við ný málsgrein svohljóðandi: *Læknir sem kemst að því að starfsmaður eða hópur starfsmanna hafi orðið fyrir sjúkdómi eða sjúkdómum sem orsakast af vinnu eða aðstæðum í starfsumhverfi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna það til sjúkratryggingarstofnunar í því formi sem stofnunin skipar fyrir um. Tilkynningarskyldan tekur til allra lækna, þ.m.t. tannlækna, án tillits til þess hvort þeir starfa innan heilsugæslu, á sjúkrahúsi eða eru sjálfstætt starfandi.*

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu, en er að sjálfsögðu reiðubúið að senda fulltrúa sína til umfjöllunar um málið í háttvirtri þingnefnd.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins


Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri


Kristinn Tómasson
yfirlæknir